



# Vaxkaka úr sandöldum

ESP\_024061\_2610



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHIRISE.ORG/IS



Það athyglisverðasta við þessa mynd er vaxkókumynstrið sem sandöldurnar mynda. Hér sést svæði sem er vaktað árstíðabundið. Það þýðir að HiRISE tekur myndir af því á mismunandi árstímum svo skoða megi þær breytingar sem eiga sér stað og hvað veldur þeim. Yfirborðið hér er þakið árstíðabundnu koldíoxíðhrími. Í þessu tilviki getum við borið saman staðsetningu sprungna í hríminu við eldri myndir. Á þessari nærmynd sjáum við dökkan blett í hlíð sandöldu. Hann má líklega rekja til þurrgunar, þ.e. þegar efni fer beint úr föstu formi í ís. Hrímið er hálfgegnsætt (ljós berst að einhverju leyti í gengum það) svo þurrgun hefst neðst og smám saman byggist upp þrýstingur. Þegar gasið losnar kemur dekkra efnið undir í ljós eða sandur varpast ofan á hrímið og myndar dökka bletti á borð við þessa.